



Aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014.

Inngangur.
Deiliskipulag þetta nær yfir uppbyggingu á menningar- og fræðslusetrinu Grettissbólí við Laugarbakka í Miðfirði sem byggir á Grettissögu. Þegar hafa verið lagðir stígar og komið fyrir stóru sverði fyrir miðju svæðisins. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 er svæðið skilgreint sem blönduð landnotkun; verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota.

Aðkoma og bílastæði.
Gert er ráð fyrir tveimur tengingum inn á bílastæði frá Miðfjarðarvegi. Annars vegar er gert ráð fyrir innkeyrslu stuttu norðan við Þjónustuhús Grettissbólís og útkeyrslu nokkru norðan við bílastæðin. Gert er ráð fyrir einstefnu um bílastæðin, aðeins keyrt inn við innkeyrslu og aðeins út við útkeyrslu og þar komi skilti er banni innakstur. Með því móti er verið að minnka til muna mögulega slyshættu á bílastæðum þar sem bílar þurfa hvorki að mætast né snúa við, útkeyrslan er 300 m fyrir norðan við Teigagrund. Gert er ráð fyrir að almenn bílastæði verði samtals 46, 4 bílastæði fyrir fatlaða og þjónustu og 4 rútustæði. Aðal innkoma gesta á útsvæðið verður í gegnum þjónustuhúsið. Gangstígur liggur frá bílastæðum að inngöngudyrum á vestanverður húsinu og útgöngu á útsvæðið austur úr húsinu. Aðkoma bifreiða að þjónustuhúsi verður af innkeyrslu norðan við þjónustuhúsin og farið framan við húsið. Þjónustuaðkoma vegna umhirðu og viðhalds verður sunnan við bygginguna.

Byggingar.
Þjónustuhús. Núverandi bygging sem áður gegndi hlutverki verkstæðis verður aðlöguð starfsemi og færð í fornan stíl hvað ytra útlit og innra skipulag varðar. Flatarmál hússins helst óbreytt um 214 m² en byggingarreitir eru skilgreindur umhverfis húsið sem rúmar þær breytingar sem gerðar verða á ytra útliti. Húsið mun rýma gestaádkomu, minjagripaverslun, salerni og sýningarstöðu. Áhald- og geymsluhúsnæði verða í tengslum við útsvæðið á tveimur stöðum á byggingarreitum a2. Húsin verða á einni hæð, felld að landinu og með fornu yfirbragði að hámarki 6 m² að stærð. Á byggingarreit a3 verður reist smíðja, hún verður hlaðin úr torfi og grjóti að hámarki 6m², á einni hæð. Staðsetning bygginga er frjálss innan byggingarreitsins.

Útsvæði.
Markmiðið er að skipuleggja útsvæði Grettissbólís sem fjölskyldusvæði þar sem þemað eru ýmsar þrautir og leikir sem tengjast Grettissögu. Garðurinn og þrautirnar verða opin almenningi allt árið um kring einkum þó að sumarlagi. Svæðinu verður skipt upp í þrjá megin hluta er varða gerð þrautanna, fyrir hópíþróttir, kraftaþrautir og kast íþróttir er tengjast víkingatímanum. Grettistök eru hluti af svæðinu. Haldnar verða árlegar Grettishátíðir og aðrar uppákomur. Á útsvæðinu er gert ráð fyrir að hægt verði að setja tímabundið upp búðir með sölutjöldum og tjöldum til annarra nota.

SKÝRINGAR

- byggingareitur
- vegir
- helgunarsvæði vegar
- gönguleiðir
- gangstéttir
- bílastæði
- lóðamörk
- deiliskipulagsmörk 2, 8 ha

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. slóðulagalaaga nr. 123/2010 var samþykkt í þann 20 og í þann 20.

Tillagan var auglýst frá 20 með athugasemdafresti til 20.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20.

HÚNAÞING VESTRA LAUGARBAKKI

DEILISKIPULAG FYRIR GRETTISBÓL

Dags: 28.05.2013 | Mkv: 1:2.000 | Telkn.mó: Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir

Telkn. nr.:	Breytt:
Verk nr.:	
Hannað:	

LANDMÓTUN • Hamraborg 12, 200 Kópavogi - sími: 575 5300 - fax: 554 5360 - netf: landmotun@landmotun.is